

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar vegna verslunar- og þjónustusvæða í Reykholti.

Skipulagsstofnun staðfesti 19. júní 2024 breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 sem samþykkt var í sveitarstjórn 3. apríl 2024.

Í breytingunni felst aukin heimild uppbyggingar innan verslunar- og þjónustusvæðis (VP36), mörkun lóðar á verslunar- og þjónustusvæði (VP34 og VP35) og afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF35) aðlagð að breyttri legu götunnar Tungurima. Þá er um 0,1 ha svæði fyrir samfélagsþjónustu (S8) fellt undir verslunar- og þjónustusvæði (VP49).

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 19. júní 2024.*

F.h. forstjóra,

**Guðrún Lára Sveinsdóttir.**

B-deild – Útgáfudagur: 4. júlí 2024